

## BYGGINGARLÝSING

ÁÆTLAÐ ER AÐ REISA FRÍSTUNDAHÚS Á 21.200 M2 SPILDU Í LANDI HEIÐARBÆJAR, LANDNR. 170211, STGR. 8721-05-2000-0300, Í STAÐ HÚSS SEM ÞAR STENDUR NÚNA TIL AÐ FÆRA ÞÁ AÐSTÖÐU SEM FYRIR ER NÆR NÚTÍMA. ÞETTA MANNVIRKI ER FJÆR VATNINU OG VERÐA ÖLL FRÁRENNSLIS- OG SORPMÁL LEYST Í SAMRÆMI VIÐ MEÐMÆLI BYGGINGARYFIRVALDA STAÐARINS AUK UMHVERFISSTOFNUNAR OG HEILBRIGÐISEFTIRLITS SUÐURLANDS.

**BURÐARVIRKI**

SÚLUR OG BITAR ERU ÚR STÁLI, SÖKKLAR OG PLATA ERU STEYPT. REYKHÁFAR ERU ÚR RYÐFRÍU STÁLI

**EINANGRUN**

GRUNNPLATA ER EINANGRUÐ AÐ NEÐAN.
ÚTVEGGIR ERU FORSTEYPTAR EININGAR OG EINANGRAÐIR MEÐ 100 MM STEINULL AÐ INNAN.
ÞAK ER EINANGRAÐ MEÐ 200 MM STEINULL.
GLUGGAR ERU MEÐ ÞREFÖLDU K-GLERI OG GLER ER MEÐ SÓLVÖRN. KÓLNUNARTÖLUR VERÐA SKV. REGLUGERÐ.

**FRÁGANGUR AÐ UTAN**

ÚTVEGGIR ERU KLÆDDIR MEÐ GRÓFRI TILSAGAÐRI HRAUNKLÆÐNINGU SEM ER MÚRUÐ Á VEGG.
ÞAK ER EINANGRAÐ OG KLÆTT MEÐ VIÐURKENNDUM ÞAKDÚK OG MEÐ GRASI OG 10% HRAUNÞEKJU.
GLUGGAR ERU ÚR ÁLLITU ANODISERUÐU OG SELTUVÖRÐU ÁLI.

**FRÁGANGUR AÐ INNAN**

LÉTTIR INNVEGGIR ERU MEÐ STÁLUPPISTÖÐUM, FYLLTIR MEÐ STEINULL OG KLÆDDIR MEÐ TVÖFÖLDUM GIFSPLÖTUM BÁÐUM MEGIN SEM ERU MÁLAÐAR. AÐRIR INNVEGGIR ERU FORSTEYPTIR OG MÁLAÐIR EÐA KLÆDDIR MEÐ TILSÖGUÐU HRAUNI.
GÓLF ERU MEÐ STEINFLÍSUM OG MASSÍFUM HARÐVIÐ.
LOFT ERU HLJÓÐDEMPANDI HENGILOFT ÚR GIFSI.

**LOFTRÆSING**

LOFTRÆSING ER NÁTTÚRULEG UM OPNANLEGA GLUGGA OG VÉLRÆN FRÁ SNYRTIHERBERGJUM OG INNILIGGJANDI RÝMUM.

**LAGNALEIÐIR**

HITALAGNIR LIGGJA MEÐ ÚTVEGGJUM.
SKOLPLAGNIR LIGGJA UNDIR GÓLFUM.
VATNSLAGNIR ERU Í VEGGJUM. HITUN HÚSS ER GÓLFHITUN.

**FRÁRENNSLI, VATNSVEITA**

FULLT TILLIT VERÐUR TEKIÐ TIL VATNSVERNDAR ÞINGVALLAVATNS OG ÖLL VATNS-, OG FRÁVEITA VERÐUR HÖNNUÐ MEÐ SAMRÁÐI VIÐ BYGGINGARFULLTRÚA STAÐARINS OG HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURLANDS ÞAR SEM HEFÐBUNDIN ROTÞRÓ ER EKKI HEIMIL Á ÞESSUM STAÐ.

**SORP**

SORPI VERÐUR KOMIÐ FYRIR Í LOKUÐUM, MEINDÝRAVÖRÐUM, ÓBRENNANLEGUM ÍLÁTUM VIÐ BÍLASTÆÐI OG VERÐA ÞAU ÞANNIG GERÐ AÐ ÞAU HENTI TIL SORPFLOKKUNAR EN JAFNFRAMT AÐ ÞAU FALLI VEL INN JARÐVEGSMÖN SEM ÞAKIN VERÐUR GRÓÐRI SEM FELLUR VEL AÐ UMHVERFI.

**BRUNAVARNIR OG ÖRYGGISKERFI**

Í HÚSINU VERÐUR SJÁLFVIRKT BRUNA-, OG ÖRYGGISKERFI TENGT VIÐURKENNDRI VAKTSTÖÐ.
SLÖKKVIBÚNAÐ S.S. SLÖKKVITÆKI SKAL SETJA UPP Í SAMRÁÐI VIÐ ELDVARNAREFTIRLIT STAÐARINS.
ELDSTÆÐI VERÐA SKV. REGLUGERÐ.

**STÆRÐIR**

FLATARMÁL: 195,5 M2
RÚMMÁL: 745,9 M3
BÍLASTÆÐI: 4

BYGGINGARREITUR, HÁÐUR ENDANLEGRI HNITASETNINGU

LÓÐARMÖRK, HÁÐ ENDANLEGRI HNITASETNINGU

GRÁTT ER HÚS AÐRAR LÍNUR AFMARKA ÞAKÚTHENGI OG PALL.

HÆÐARLÍNUR ERU TVEGGJA METRA LÍNUR


ARKITEKTASTOFA PÁLMA GUÐMUNDSSONAR EHF.
HAFNARSTRÆTI 20 VIÐ LÆKJARTORG, 101 REYKJAVÍK
S.: 8618001, 5628002, ap@simnet.is, Kt.: 480206-1500


SAMÞYKKT
PÁLMI GUÐMUNDSSON-RAGNARS ARKITEKT F.A.Í., KT.: 2002583719

VERK
SPILDA ÚR LANDI HEIÐABÆJAR, BLÁSK.B.
FRÍSTUNDAHÚS

TEIKNING
AFSTÖÐUMYND
BYGGINGARLÝSING

KVARÐI
A-2=1:1000, A3 EKKI Í KVARÐA

DAGS.
15.3.07

TEIKNAÐ AF
PG

TEIKNING NR.
10-01